



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarfélaga

Reykjavík 13. desember 2018

1811046SA KB  
Málalykill: 15.15

### Efni: Vinnumansal og kjör erlends starfsfólks

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 30. nóvember 2018 var lagður fram tölvupóstur Seltjarnarnesbæjar, dags. 11. október 2018, um vinnumansal og kjör erlends starfsfólks.

Erindið var rætt og kom fram af hálfu stjórnarmanna mikill vilji til þess að sveitarfélög vinni að því, ásamt Vinnumálastofnun, aðilum vinnumarkaðarins, skattyfirvöldum og fleirum að tryggja réttindi verkafólks. Jafnframt kom fram að fjármála- og efnahagsráðherra hyggt leggja fram á Alþingi frumvarp um breytingar á lögum um opinber innkaup þar sem er að finna ákvæði um keðjuábyrgð.

Eftirfarandi var bókað og samþykkt:

**Stjórnin hvetur sveitarstjórnir til þess að setja í samninga um opinber innkaup kröfur um keðjuábyrgð sem tryggja réttindi verkafólks og sporni gegn mögulegri misnotkun á erlendu vinnuafli.**

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri